

## Friðþæging

### Fyrri grein

Neyðarlögin frá 2008 hefjast á orðunum: „Við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta.“

Í 5. grein Neyðarlaganna segir: „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur.“

- Í samræmi við lögin stofnaði FME og færði innlán og innlend lánasöfn gömlu bankanna yfir í ný hlutafélög - nýju bankana - með sérstökum ákvörðunum. Eigandi nýju bankanna var íslenska ríkið, en þeir áttu að greiða mismuninn á eignum og skuldum til þrotabúanna.
- Jafnframt fól FME Deloitte LLP að verðmeta innlend lánasöfn bankanna í samræmi við lögin til þess að unnt væri að ákvarða þennan mismun. Ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman var fengið til að fara yfir verðmatið.

Stýrihópur þriggja ráðuneyta sem hóf störf eftir stjórnarskiptin 2009 virðist hafa tekið þetta verkefni af FME. Ekki verður séð af lögunum að þessi hópur hafi haft umboð til þess. Leynd hefur nú verið svipt af fundargerðum hópsins.

Í upphafi annars fundar stýrihópsins í mars 2009 segir formaður hópsins: „The state wants to appease the creditors to the extent possible“ sem þýða má: „Ríkið vill friðþægja kröfuhöfum eins og auðið er“. Þetta leiðarstef hópsins átti eftir að hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér.

Fljótlega urðu fjárfestingarbankar og starfsmenn þeirra í London – einn fyrir hvern af gömlu bönkunum (Barclays Capital, UBS og Morgan Stanley) fulltrúar kröfuhafa þótt enn væri á reiki hverjir þeir voru og mikil viðskipti með kröfur. Íslenska ríkið réð ráðgjafarfyrirtækið Hawkpoint og hætti að vinna með fjárfestingarbankann JP Morgan sem aðstoðað hafði Seðlabankann og ríkið við setningu Neyðarlaganna<sup>1</sup>. Þetta var mjög miður því að þar var til samfelld þekking á málinu, skilningur á bitinu í Neyðarlögunum og mikil geta. Ef notuð er knattspyrnulíking þá áttust þarna við eftir þetta Bayern München, Chelsea og Barcelona annars vegar og Swindon Town hins vegar.

Af fundargerðunum má ráða að íslensku embættismennirnir, sem voru að vinna utan síns sérsviðs og minni háttar ráðgjafarfyrirtæki – Hawkpoint<sup>2</sup> - á þeirra vegum hafi verið að sýsla með þessar eignir ríkisins og semja við öflugustu fjárfestingarbanka í heimi.

<sup>1</sup> Skemmst er að minna þess að JP Morgan keypti Bear Stearns þegar hann komst í greiðsluþrot. Endanleg verðákvörðun lá fyrir á viku.

<sup>2</sup> Canaccord keypti Hawkpoint í árslok 2011 og lagði vörumerkið niður.

# Arev

Ekki virðast hafa verið haldnir formlegir fundir á milli aðila heldur hafi Hawkpoint og fjárfestingarbankarnir fundað meira eða minna með óformlegum hætti og Hawkpoint borið athugasemdir og óskir fjárfestingarbankanna á borð stýrihópsins.

Fram kemur í fundargerðunum að þrátt fyrir skýr ákvæði laga um fjármálafyrirtæki hafði leynd verið svipt af lánasöfnunum og í nýju bönkunum höfðu verið opnuð sérstök gagnaherbergi sem kröfuhafarnir og ráðgjafar þeirra höfðu aðgang að.

Þegar kemur að fjórtánda fundi stýrihópsins, 16. júní 2009, höfðu fjárfestingarbankarnir gert athugasemdir við verðmat Deloitte LLP og vildu fá meira fyrir lánasöfnin en verðmatið sagði til um.

Fjárfestingarbankarnir óskuðu eftir því ríkið greiddi þennan mun með beinum eða óbeinum hætti með ábyrgðum og/eða framsali eigna og útgáfu skuldabréfa. Í Neyðarlögunum var skýrt kveðið á um að nýju bankarnir áttu sjálfir að greiða muninn ef einhver væri. Jafnframt óskuðu fjárfestingarbankarnir eftir árangurstengdum greiðslum frá nýju bönkunum sem greiddar yrðu beint til gömlu bankanna og starfsmanna nýju bankanna ef heimtur sérgreindra lánsafna færu yfir ákveðin mörk.

Á fundinum velti stýrihópurinn fyrir sér hvaða leiðir væru færar til þess að hækka verð lánsafna umfram verðmat Deloitte LLP. Hinn 1. júlí réð hópurinn íslenska lögfræðistofu til þess að semja álit fyrir stjórn FME um það hvernig væri unnt að fara á svig við mjög skýr ákvæði Neyðarlaganna um verðmat eigna til þess að unnt væri að mæta óskum fjárfestingarbankanna. Þetta er sérstaklega dapurlegt þegar litið til Nýja Kaupþings banka sem nú kallast Arion banki. Skv. mati Deloitte var verðmæti lánsafnsins lægra en innlánin í bankanum. Þrátt fyrir þetta fengu kröfuhafar 87% hlut í Arionbanka auk sérstakra árangurstengda greiðslna sem nú er búið að inna af hendi og voru m.a. notaðar til að greiða eiginfjárframlagið. Íslenska ríkið keypti tæplega 30 ma.kr. víkjandi skuldabréf bankans og aðstoðaði bankann með lausafjárþyrirgreiðslu.

Ekki verður betur séð en að uppgjör þessi hafi verið í andstöðu við Neyðarlögin. Fjárhagslegar afleiðingar voru skelfilegar. Í seinni grein okkar um þetta mál munum við rekja mat okkar á þeim fjárhæðum sem um er að tefla.

Jón Sch. Thorsteinsson og Sigurður Berntsson starfa hjá fjármálaráðgjöf Arev verðbréfafyrirtækis hf.